

Miðvikudaginn 18. okt. 1922.

Nr. 31/1922.

Guðm. Jóhannsson

(B. P. Kalman)

gegn

Pjetri M. Bjarnarson

(Enginn).

Víxilmál. Spurning um löglega afsögn víxils.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 13. júní 1921: Stefnir, G. Eiríks og G. Jóhannsson, greiði, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnandanum Péttri M. Bjarnarson, 2500 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 15. marz þ. á. til greiðsludags, kr. 10,50 í afsagnarkostnað og 250 krónur í málskostnað, alt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið rekið samkv. 1. lið 2. málsg. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Þar sem útgefandi víxilsins, áfrýjandi þessa máls, hafði ekki ákveðið annan greiðslustað en heimili samþykkjanda, var samþykkjanda eftir því sem á stóð, samkvæmt 89. gr. víxillaganna heimilt að ákveða eða semja svo um við stefnda, að greiðslustaður víxilsins skyldi vera á heimili hans, Laugaveg 49. Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum snertandi áfrýjanda, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann að því leyti sem honum er áfrýjað.

Stefndi hefir hvoki mætt nje látið mæta í málinu. Verður því, samkv. þessum úrslitum, hvorugur aðili dæmdur til þess að greiða hinum málskostnað hjer í rjetti.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 19. apríl þ. á. af Pjetri M. Bjarnarson, kaupmanni, gegn Guðmundi Eiríkss heildsala og Guðmundi Jóhannssyni skipstjóra, báðum til heimilis hjer í bænum, og hefir stefnandi krafist þess, að að stefndir verði dæmdir in solidum til að greiða sjer upphæð 2500 króna víxils, útgefins af stefndum Guðmundi Jóhannssyni 15. desember f. á. og samþykts af stefndum G. Eiríkss til greiðslu 15. mars þ. á., en afsagðs sökum greiðslufalls 17. s. m. ásamt vöxtum, þóknun, afsagnarkostnaði og öðrum kostnaði, alt eftir víxillögum 13. janúar 1882, svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi að upphæð 250 krónur.

Stefndur Guðm. Eiríkss hefir látið mæta í málinu, en engum mótmælum breytt gegn framangreindum kröfum stefnanda. Af hálfa stefnds Guðm. Jóhannssonar hefir hinsvegar verið krafist sýknunar af kröfum stefnanda á hendur honum og málskostnaðar hjá stefnanda.

Sýknukröfu sýna byggir stefndur G. Jóhannsson á því, að þegar hann hafi gefið út víxilinn, hafi meiningin verið að hann væri vistaður í Landsbankanum og notaður til framlengingar öðrum víxli, sem hann hafi staðið sem útgefandi á en G. Eiríkss sem samþykkjandi. Að því er vistun snerti, hafi ekki staðið á víxlinum, er hann gaf hann út, annað en orðin: „Víxillinn greiðist“ . . . sem eru prentuð á hann, en síðar hafi verið bætt við orðunum: „P. M. Bjarnarson Laugaveg 49“. Þessa viðbót beri því að skoda sem fölsun á víxlinum, er gjöri það að verkum, að honum sje með öllu óskýlt að svara til fjárhæðar víxilsins.

Til vara hefir stefndur G. Jóhannsson haldið fram, að víxillinn geti ekki talist vistaður á Laugavegi 49 og sje afsögnin, er fór fram þar, því ólögleg.

Rjetturinn verður nú að vera stefnanda samdóma um það, að í því að stefndur G. Jóhannsson fjekk samþykkjanda til ráðstöfunar víxilinn með orðunum: „Víxillinn greiðist . . .“, án þess að ákveða sjálfur greiðslustaðinn, felist nægilegt umboð frá honum til handa samþykkjanda til að ákveða greiðslustaðinn, svo að stefndur geti eigi eftir á komið fram með þá mótbáru gegn stefnanda, sem eignaðist víxilinn síðar, að víxillinn hafi átt að greiðast á öðrum stað, en hann tilgreindi. Sömuleiðis verður rjetturinn að fallast á, að vistun víxilsins á Laugavegi nr. 49 sje nægilega skýr, og víxillinn því rjettilega afsagður þar. Sýkunararkrafa stefnds G. Jóhannssonar verður því ekki tekin til greina, heldur verður að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina með því að málskostnaðarreikningur hans er í samræmi við lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins.

Föstudaginn 20. okt. 1922.

Nr. 11/1922.

Íslandsbanki

(L. Fjeldsted)

gegn

Jóni Dúasyni

og

gagnsök

(P. Magnússon)

Um skaðabætur út af synjun bankans um innlausn seðla hans í gulli.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1921: Stjórn h/fj. Íslandsbanki, Reyjavík, greiði stefnanda Jóni Dúasyni skaðabætur eftir mati dómkvaddra, óvilhallra og skynbærra manna, þó eigi yfir 6250 kr. Málskostnaður fellur niður. — Dóminn ber að fullnægja áður 15 dagar eru liðnir frá löglegri birtingu hans og upphæðar skaðabótanna, að viðlagðri aðför að lögum.